

MOSFELLINGUR

2. tbl. 6. árg. föstudagur 2. febrúar 2010. Gætt er um að veitt sé ókeypis frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Íþróttamenn Mosfellsbæjar

Halldór Lárusson og Guðný Björk Óðinsdóttir

Ljós. Magnús Már

EIGN VIKUNNAR

Nýtt einbýlishús við Varmá



Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ
586 8080
www.fastmos.is




Sjá nánar á bls. 3

Vorum að fá í sölu 166,7 m² einbýlishús
á 1.500 m² eignarlóð við Varmána.
Verð kr. 48,5 m.

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnestad
Löggiltur fasteignasali



Gott úrval af góðum braudum

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf.

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvegi 18, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamenn: Ágúst B. Linn og
Ruth Örnólfsdóttir
Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.
Prófkör: Hjördís Kvaran Einarsdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 23. feb

270 - númeri of lítið

● **Þorranum blótað.** Það var bóndadagur og mig dreymdi að yndisleg kona veki mig með ljúfum kossi og bakkelsi í rúmið. En nei, mig var að dreyma. Þorinn var hafinn og útlitið var ekki gott. Útlit fyrir kvonfang var svart, ekkert þorablót?!
Hvernig stendur á því?
Ef maður er ekki úr Dal eða Kjós þá er maður ekki með. Í öllum helstu bæjarfélögum mæta allir sem vettlingi geta valdið á



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

eitt stórt blót.
Þetta er til háborinnar skammar!
● **Vinnuvélar** eru byrjaðar að grafa upp Helgafellstúnið, ég bið bara eftir að mótmælendur úr Varmár-samtökunum hleki sig við vinnuvélarnar. Kvosin er að breytast í Litlu-Kárahnjúka.
● **Annars vil ég óska FH-ingnum** Halldóri og Valsaranum Guðnýju Björk til hamingju með titilinn íþróttamenn Mosfellsbæjar. Frábært afreksfólk sem hefur lagt sitt af mörkum hér í bæ á undanförnum árum. 270 er bara greinilega númeri of lítið fyrir þá sem vilja ná enn lengra. Pólitíkusar hafa einnig rekið sig á sama hlut.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

... þegar skólastarf fór fram að Brúarlandi. Brúarlandsskóli var fyrsta skólasetur sem Mosfellingar eignuðust. Kennsla hófst í skólanum árið 1922. Á myndinni má sjá nemendur og kennara á síðari hluta fimmta áratugarins. Fremsta röð frá vinstri: Jón Helgi Hálfðánarson, Sigurjón Jóhannsson, Halldór Ólafsson, Sveinn Eiríksson og Guðmundur Magnússon. Önnur röð frá vinstri: Gerður Lárusdóttir, Sigurlaug Hulda Kristinsdóttir, séra Hálfðán Helgason, Lárus Halldórsson skólustjóri, Klara Klængsdóttir, Steinunn Sveinsdóttir og Ragnheiður Jónasdóttir. Þriðja röð frá vinstri: Hjördís Jónsdóttir, Herborg Kjartansdóttir, Svava Ingimundardóttir, Skúli Skarphéðinsson, Sveinn Þórarinnsson, Pálmar Vígmundsson, Þórdís Jóhannesdóttir, Ljósbjörg Magnúsdóttir og Þóra Þorgeirsdóttir. Myndin er úr bókinni Saga Mosfellsbæjar



FERMINGARMYNDIN hans Benna Linn

„Þessi mynd var tekin á fermingardegi mínum 16. september árið 1956. Það var verið að stækka Lágafellsskirkjuna þetta árið og fermingum frestað fram á haust. Það var séra Bjarni Sigurðsson fermi mig og veislan var haldin í Hlégarði. Ég man að þetta var í fyrsta skiptið hér í sveitinni sem fermingarbörn klæddust kyrtlum. Fermingargjafirnar voru nokkrar og mamma gaf mér fallett úr. Ég man líka sérstaklega eftir veiðistöng sem ég fékk í gjöf frá Ásbirni Sigurjónssyni á Álafossi. Henni fylgdu önglar og flugur og það var margur fiskurinn sem ég veiddi með þessari forláta stöng. Dagurinn var sérstakur fyrir fjölskylduna því Matti í Litlagerði, litli frændi minn, var einnig skírður sama dag.“





www.fastmos.is
Sími: 586 8080

**Kjarna, Pverholti 2
Mosfellsbæ**

EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali



Brekkutangi – 253,9 m2 m/aukaib.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu mikið endurnýjað raðhús á 3 hæðum, með aukaíbúð í kjallara. Húsið var mikið til endurnýrðað fyrir 2 árum, þá var m.a. sett eikarinnrétting í eldhús, eikarparket og mustang steinflisar á gólf og baðherbergi endurgert. Þetta er mjög hentug eign fyrir stóra fjölskyldu, á jarðhæð er stofa, eldhús, borðstofa og gesta wc, á 2. hæð eru 4 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og svalir með heitum potti. Í kjallari er svo 2-3 herbergja aukaíbúð. **Verð kr. 48,5 m.**



Álmholt – 236 m2 einbýli + aukaib.

NÝTT Á SKRÁ Eru með 236,1 m2 einbýlishús með aukaíbúð í kjallara, þar af 48,2 m2 tvöfaldur bílskúr. Aðalhæðin er 140 m2 og skiptist í stofu, eldhús, þvottahús, 4 svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er björt 2ja herbergja íbúð tilvalin til útteigu eða fyrir unglinginn. Húsið stendur innarlega í lóðinni og stórt og gott bílapan og mikill suðurgarður. ****Verð kr. 45,9 m.****



Spóahöfði – 175 m2 raðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá mjög fallegt 175 m2 raðhús með bílskúr við Spóahöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin er 145,5 m2 með 3 góðum svefnherbergjum, stórra stofu/borðstofu, eldhúsi með fallegir kirsuberjainnréttingu, baðherbergi m/kari og sturtuklefa, stóru sjónvarpslofti og þvottahúsi. Innangengt í 29,6 m2 bílskúr. Þetta er falleg eign á góðum stað í Mosfellsbæ. **Verð kr. 42,9 m.**



Klapparhlíð – 2ja herb.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá mjög fallega 65,5 m2, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 18 í Mosfellsbæ. Eikarparket á stofu, eldhúsi, gangi og svefnherbergi, en flisar á forstofu, baði og sér þvottahús. Mjög mikið útsýni er úr íbúðinni til Reykjavíkur. Glæsileg sundlaug, skóli og leikskóli í næsta nágrenni. **Verð kr. 17,9 m.**



Lindarbyggð – Glæsilegt parhús

Til sölu mjög glæsilegt 177,1 m2 parhús á einni hæð á fallegum stað í lokuðum botnlaga í Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt og mjög bjart og rúmgott. Stór stofa með góðri lofthæð og borðstofa við hlíð eldhúss. 4 góð svefnherbergi, sjónvarpsbol og glæsilegt baðherbergi. Bílskýli hefur verið lokað af og gæti vel nýst sem t.d. unglingaherbergi. Fallegur suðurgarður og hellulagt bílapan. Þessar eignir eru sjaldséðar á fasteignasölum. **Verð kr. 41,8 m.**



Stóriteigur – 180,9 m2 raðhús

NÝTT Á SKRÁ Þetta er 155,0 m2 íbúð á tveimur hæðum ásamt 25,9 m2 bílskúr við Stóriteig 14 í Mosfellsbæ. 4 svefnherbergi, baðherbergi með kari og sturtu, stór stofa, eldhús m/borðkrók og sér þvottahús. Eignin þarfast endurbóta og frágangs og því tilvalin fyrir "alt mulig" manninn. Finn staður rétt við alla þjónustu. **Verð kr. 32,5 m.**



Litlikriki – Raðhús í byggingu

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 4ra íbúða raðhúsalengu til sölu við Litlakrika 16-22 í Mosfellsbæ. Húsin eru á einni hæð og verða 154 m2 -164 m2 að stærð með bílskúr. Húsin afhendast rúmlega fókheld, þ.e. auk fókheldis, verða útveggir einangraðir og tilbúnir undir sandspartl og þak verður einangrað og rakavarið. Fyrstu kemur fyrstur fær. **Verð kr. 30,5 – 32,5 m.**



Tröllateigur 141-150 m2 íbúðir

Til sölu þrjár 150 m2 íbúðir í nýju fjörbýlishúsi í byggingu við Tröllateig 41 í Mosfellsbæ. Húsið er eitt síðustu húsa í nýju hverfi sem er að rísa við miðbæð Mosfellsbæjar. Stutt er í alla þjónustu, skóla og íþróttasvæði. Íbúðirnar eru 4ra – 5 herbergja og afhendast fullbúnar með innréttingum, en án gólfefna, þó verður baðherbergi og þvottahús flísalagt. Íbúðirnar verða afhentar í apríl nk. **Verð frá kr. 31,5 – 32,5 m.**



Litlikriki 28 – 219 m2 einbýli -fókheld

Vorum að fá 219,2 m2 einbýlishús í byggingu, með TVÖFÖLDUM bílskúr í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Húsið er staðsteypt hús á einni hæð með hefðbundnu timburpaki, með alzink bárujárn. Íbúðin verður 177,0 m2 og bílskúrinn verður 42,2 m2. Húsið afhendist í vor, fókheld, með grófjafnaðri lóð, gluggar glerjaðir og þakkantur frágenginn. **Verð kr. 38,4 m.**



Aspartaugur – 216 m2 í byggingu.

Eru með tvö glæsileg 216,3 m2 parhús við Aspartaug í Mosfellsbæ á sölu. Húsin er staðsteypt á tveimur hæðum með mjög stórum suðugörðum. Þetta eru metnaðafullar og glæsilegar teikningar. Húsin eru afhent fókheld með grófjafnaðri lóð - og eru tilbúin til afhendingar við kaupsamning. **Verð kr. 35,0 m.**



Urðarholt – 371 m2 atvinnuhúsnæði

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 306,1 m2 atvinnuhúsnæði ásamt 65,1 m2 milli lofti í miðbæ Mosfellsbæjar. Í dag er Mosfellsbakari með verslun og framleiðsluslusal í húsinu. Þetta er stórt atvinnuhúsnæði á góðum stað í vaxandi bæjarfélagi – hús sem vekur upp ýmsar spennandi hugmyndir. **Verð kr. 53,5 m.**



Urðarholt – 150 m2 atvinnuhúsnæði

Eru með 150 m2 atvinnuhúsnæði á jarðhæð í miðbæ Mosfellsbæjar. Gott verslunarplass og inn af því hefur verið innréttað íbúðaraðstaða. Gott gluggaplass er út á bílastæðið og gott aðgengi. Rýmið er til sölu eða leigu og getur verið laust til afhendingar fljótlega.



Byggingarlóðir í Leirvogstungu

NÝJAR LÓÐIR Á SVÆÐI 3

****Aðeins nokkrar lóðir eftir**** Eru að taka á móti tilboðum í lóðir undir einbýlishúsum og raðhús á svæði 3A við Laxatungu í Mosfellsbæ – TILBOÐUM ER SVARAÐ INNAN 24 KLST. Þetta er eitt af fallegustu byggingarlöndum á höfuðborgarsvæðinu, með Leirvogsa og Köldukvísl á sitt hvora hönd. Á svæðinu verða eingöngu byggð einbýli-, rað- og parhús. Kynntu þér málið á www.leirvogstunga.is eða hafðu samband við okkur hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar. Fasteignasölu Mosfellsbæjar.



Borgarplast kemur sér fyrir í 5500 fm²

Iðnaðarframleiðslufyrirtækið Borgarplast hf. hætti starfsemi sinni í Borgarnesi nú um áramótin. Fyrirtækið er óðum að koma sér fyrir í 5500 fermetra húsnæði í Völuteigi hér í bæ eins og áður hefur komið fram í Mosfellingi. Flutningur fyrirtækisins er gerður í skyni hagræðingar.



Nýju undirgöngin full af vatni

Nýju undirgöngin, sem byggð voru í sumar við Ásland og liggja undir Vestulandsveginn, fyllast öll af vatni þegar blautt er í veðri. Við þessar aðstæður er vonlaust fyrir vegfarendur að komast þar í gegn án þess að blotna í fætur. Vonast er eftir úrbótum hið snarasta.

Hjónanámskeið í safnaðarheimilinu

Þann 2. og 9. febrúar verður haldið hjónanámskeið í safnaðarheimili kirkjunnar að Þverholti 3. Leiðbeinandi á námskeiðinu verður sr. Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju. Hjónanámskeiðin eru ætluð öllum þeim sem eru í hjónabandi eða sambúð og vilja efla og styrkja samband sitt.

Námskeiðið er tvö kvöld frá kl. 20 til 22. Innritun fer fram á skrifstofu Lágafellskirkju í síma 5667113 á milli kl. 10 og 13. Kostnaður vegna námskeiðsins er kr. 3.000.- fyrir hjón/par.

TEXTURE
hárstofa

www.texture.is

HÁHOLT 23 - SÍMI 566 8500

Mosfellingur hafði uppá ungum drengjum sem stunda veggjakrot

List eða skemmdarverk?



Ungir drengir við iðju sína í Mosfellsbæ

Það hefur sennilega ekki farið fram hjá neinum allt þetta veggjakrot sem þekur flesta vegg í bænum okkar. Veggjakrot er mjög áberandi í dag og er að gera marga bæjarbúa brjálaða. Blaðamaður Mosfellings hafði upp á nokkrum drengjum hér í bæ sem stunda þessa iðju og ræddi við þá um veggjakrot. „Þetta er skemmtilegt og spennandi“ sögðu strákarnir, en blaðamaður efast um að fólkið sem verður fyrir barðinu sé jafn ánægt. Blaðamaður skoðaði mismunandi tákn og myndir með strákunum og allt hefur þetta sína merkingu. „Þetta eru bæði listar- og skemmdarverk. Sumir gera löglegar myndir s.s. á bílskúrum eða hjá fyrirtækjum sem óska eftir því en aðrir hlaupa um og krotta til að koma merkinu sínu á sem flesta staði“. Menn þróa með sér logo s.s. upphafstafi sína, póstnúmer eða einhverskonar viðurnefni svo reyna menn að skapa sér orðstýr með því að gera sem flottastar myndir og koma merki sínu á sem flesta og mest áberandi staði. Þetta er einskonar valdabarátta milli þeirra sem stunda þetta.“

Eftir að hafa spjallað við strákana komst blaðamaður að því að þetta er í raun meira en bara áhugamál. Þeir sögðust vera búnir að stunda þetta í nokkur ár og það þyrfti mikla æfingu til að gera flottar myndir. Þeim fannst það mismunur að fá ekkert svæði fyrir sig.

Blaðamaður ræddi einnig við hverfislögreglukonuna Guðrúnu Jack og vildi hún meina að aukning á veggjakroti hér í bæ sé gríðarleg. „Við höfum ekki haft upp á þessum mönnum en við fylgjumst með ákveðnum hópum“ sagði Guðrún og tók svo undir það með blaðamanni að það þurfi svæði í Mosfellsbæ fyrir þessa listsköpun.



Brot af veggjakroti í Mosó. Menn greinir á hvort um list sé að ræða eða hreinlega skemmdarverk.

magnusmar@mosfellingur.is

Börnin okkar -auðvitað á okkar ábyrgð?

Í þarsíðasta tölublaði Mosfellings birtist grein sem hét Börnin okkar, hver er ábyrgur? Mig langar aðeins að leggja orð í belg varðandi það sem fram kom í þessari grein.

Álag hefur verið mikið í leikskólum nú undanfarið, bæði hefur vantað starfsmenn og einnig hafa fjarvistir verið miklar m.a. vegna veikinda og orlofa. Leikskólarnir voru í fyrsta sinn opnir í allt sumar og orlof starfsmanna því ekki tekið samfelld eins og verið hefur. Orlofstími starfsmanna hefur því dregist meira en undanfarin ár.

Í greininni er einnig talað um slakt faglegt starf og að illa sé hlúð að börnum í leikskólum bæjarins. Þar er ég algjörlega ósammála. Mikill faglegur metnaður er í leikskólum bæjarins og mörg áhugaverð verkefni eru unnin þar. Ég þekki ekki til þess að illa sé staðið að málum innan leikskólans, enda partur af faglegri vitund að tryggja að slíkt sé ekki til staðar. Börnin ganga alltaf fyrir í leikskólanum enda skára væri það nú.

Vel ígrundaðar námskrár, sem leikskólarnir eiga að hafa unnið, þar sem stefna leikskólanna kemur fram

í stórum sem smáum málum er stuðningur okkar og bakland, bæði þegar vel gengur og eins þegar illa gengur. Ef námskráin er aðgengileg og vel útfærð er hún styrkur fyrir starfið þrátt fyrir starfsmannaskort. Góðaráætlanir um hvernig málin skulu leyst eru ætíð til stuðnings þegar þörfin er mest.

Undirbúningstími leikskólakennara er mikilvægur partur af starfi hans, við vinnum auðvitað ekki markvisst án undirbúnings. Ef, af einhverjum orsökum, er ekki hægt að taka undirbúningstíma er það samkomulagsatriði innan leikskólans hvernig það mál er leyst. Það hefur að mínu mati ekkert með virðingu fyrir börnum að gera. Virðing fyrir börnum innan leikskólans er mjög mikil, leikskólakennari sem heldur öðru fram er að vinna í umhverfi sem er mér framandi. Hins vegar má ræða lengi um virðingu fyrir börnum í samfélaginu okkar en innan leikskólans, sem er rekinn fyrir börn með starfsfólki sem hefur sérmenntað sig til starfans, er auðvitað mikil virðing borin fyrir börnum.

Að starfsmenn leikskólans sækir í

störf annað, hvort sem er innan bæjarfélagsins eða utan, þarf ekki endilega að vera merki um að leikskólinn sé á villigötum. Starf í leikskóla er erfiðt starf. Það er erilsamt og krefjandi, hávaðasamt og stundum nokkuð óreglulegt. Sífellt er verið að takast á við nýjar og krefjandi aðstæður sem á stundum krefjast frumlegrar hugsunar og lausna, það er ekki fyrir alla. Margir eru með rómantíska mynd af leikskólastarfi, koma síðan og prófa og sjá að myndin er óraunhæf. Þar með snýr fólk sér annað. Ég get ómögulega tekið því svo að leikskólinn sé á rangri leið eða að starfið þar sé slakt þó að ekki vilji allir stunda það. Mér finnst leikskólinn og starfið þar frábært. Allar litlu stundirnar og sigurnir sem ávinnað er það sem stendur upp úr í starfinu. Samvistir við frábæra krakka sem eru einstök hvert á sinn hátt.

Mér fannst greinin ráðast að faglegri ímynd minni og starfinu mínu sem ég er svo stolt af. Ég valdi mér ævistarf og læt engan segja mér að það sé lítils virði.

Brúður Hjelm, sérkennslustjóri

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fréttir liðandi
stundar úr dagbók
lögreglunnar



Tveir piltar voru gripnir með þýfi þar sem þeir voru á leið frá Mos til Reykjavíkur. Þeir höfðu látið greipar sópa í Rauðumýri. Góssinu var komið til réttis eiganda.

Skelfilegt upptæki. Tilkynnt var um það að ökumaður væri að draga krakka á snjóbotum á Þingvallavegi við Gljúfrastein. Þetta er athæfi sem ÖLLUM er kunnugt um að er lífshættulegt og viðkomandi hreinlega til skammar.

Þjófnaðarmálum hefur fækkað miðað við í desember. Þjófnaðarmál voru ellefu í desember en voru í janúar orðin fjögur miðað við 24. jan. Þessu til viðbótar er enn leitað að stolnu ökutæki, skr.númer: 02-719. Þessi mál eru öll til meðferðar hjá rannsóknardeild lögreglunnar við Hverfisgötu.

Enn og aftur eru þessir snillingar með úðabrusana á ferðinni úðandi á hús og bíla. Þetta er óskiljanleg hegðun og engum til sóma að framkvæma slíkt sem þetta eða önnur skemmdarverk.

Hraðamælingar eru jafnan framkvæmdar hér á Vesturlandsvegi bæði sunnan og norðan Mosfellsbæjar. Talsvert hefur orðið ágengt í þeim efnum en samt eru menn enn og aftur að fara í góða þriggja stafa tölu og t.d. var einn mældur í Kollafirði á 165 km. hraða og annar hér milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar á 135 km hraða.

Að lokum, munum eftir börnunum sem eru á leið í og úr skóla, þar þarf sérstaka aðgæslu sem og á öðrum stöðum hér í bænum þar sem gangandi vegfarenda er von.

Með kveðju og ósk um gott gengi á öllum sviðum
Lögreglan Mosfellsbæ

Námskeið að hefjast

Magadans
Meðgöngujóga
Mömmujóga

mannræktin

ATORKA
www.man.is

Mattý Jóhanns syngur fyrir eldri borgara



Söngkonan ástsæla Mattý Jóhanns-dóttir söng ásamt Vilhelmi Guðmundssyni harmonikuleikara við góðar undirtektir fyrir eldri borgara á Hlaðhömrum nú á dögum. Mattý er Mosfellingum góðkunn enda fædd og uppalin í sveitinni. Mattý og Vilhelm hafa spilað saman síðastliðin 15 ár víðsvegar um landið. Þess má geta að Mattý kemur til með að skemmta á þorablóti eldri borgara 4. febrúar næstkomandi.



Mattý vakti mikla kátínu viðstaddra

Opið

allan sólarhringinn

Við erum við Esso stöðina
Háholti í Mosfellbæ,
Reykjavíkurvegi Haf,
og í Bæjarlind Kóp.

LÖÐUB

- miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! - Sími 544 4540



Hestaspítali opnar í Flugubakka

Dr. Björn Steinbjörnsson dýralæknir hefur opnað hestaspítala að Flugubakka 2a. Þar stundar hann allar almennar hestalæknir og leggur sérstaka áherslu á vandaða lækningsgreiningu ásamt sérgrein sinni, frjósemi hrossa. Hestaspítallinn á Varmárbökkum er nafn spítalans og var hann opnaður þann 1. janúar 2007. Björn lærði dýralækningar við Dýralæknaháskólann í Hannover og hefur m.a. gegnt starfi héraðsdýralæknis á Egilsstöðum. Á mánuðögum og fimmtudögum er opið á spítalanum á milli kl. 17 og 19. Einnig tekur Björn að sér vitjanir. Hægt er að nálgast upplýsingar á vefnum www.hestalaeknir.is



Foreldrar vilja ekki vetrarleyfi

Meirihluti foreldra barna í Lágafellsskóla og Varmárskóla eru greinilega á móti því að vetrarleyfi sé haft á skólaárinu. Í rafrænni könnun sem gerð var á vegum Lágafellsskóla kom í ljós að rúmlega 64% foreldra vilja ekki vetrarleyfi, frekar að skólaárið sé því fyrr búið hjá börnunum. Í könnun á vegum Varmárskóla voru 72% foreldra á móti vetrarfríi.

Innbrot í heimahús

Þann 22. janúar síðastliðinn var brotist inn í hús hér í bæ og stolið tölvum, tölvuskjám, fartölvu og myndavél. Ekki er vitað hvort þar hafi verið einn eða fleiri þjófar á ferð en farið var inn um glugga á húsinu. Málið er í rannsókn.

Óli Arnalds gefur út geislaþlötuna

Hinn ungi og efnilegi tónsmiður Óli Arnalds gaf út á dögunum geislaþlötuna *Eulogy for evolution*. Platan er sú fyrsta af þremur en Óli gerði fyrir stuttu útgáfusamning við þýska fyrirtækið Progression Records. Útgáfutónleikar verða haldnir þann 12. febrúar í SÁÁ salnum (Von) í Efstaleiti 7 og hefjast kl. 20.30.



Nýir eigendur

Nýir eigendur Sólbaðstofu Mosfellsbæjar tóku við stofunni í desember. Það er fjölskyldan, þau Bashkim, Qerime og Marinela Vokri, sem tóku við. Stofunni vegnar vel eftir eigendaskiptin og er opnunartíminn frá kl. 13-23 vikra daga og á laugardögum frá kl. 14-20.

Frábært starfsfólk

Mig langar til að hrósa og þakka þeim Önnu Ólúfu, Ingu, Stínu og Ímbu sem sjá um börnin okkar á 5 ára deildinni í Varmárskóla. Það er frábært að vita af börnunum í svona góðum höndum og að það ríki svona gott jafnvægi á deildinni sem segir allt um þessar frábæru konur. Það er yndisleg tilfinning að geta farið með börnin brosandi og full að tilhlökkun á morgnana og sótt þau ánægð eftir daginn.

Takk fyrir okkur.
Kveðja María Elfarsdóttir

Aðalfundur FaMos

– Félags aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni – verður haldinn í Safnaðarheimili Lágafellssóknar fimmtudaginn 15. febrúar kl. 20. Dagskrá: venjuleg aðalfundarstörf. – Einnig má búast við heimsókn leynigests. Minnt er á að öllum sem orðnir eru 60 ára stendur opin þátttaka í FaMos. Skráning hjá stjórnarmönnum: Gréta (692-3939)

Ný stjórn hjá Samfylkingunni

Samfylkingin í Mosfellsbæ hélt aðalfund sinn þann 25. janúar síðastliðinn. Á fundinum var kjörin ný stjórn en hana skipa: Anna Sigríður Guðnadóttir formaður, Guðbjörn Sigvaldason varaformaður, Lísu Sigríður Greipsson ritari, Ólafur Guðmundsson gjaldkeri og Erna Björg Baldursdóttir meðstjórnandi.

Aðalfundurinn, sem haldinn var í fundaræðstöðu félagsins í Þverholti, var mjög vel heppnaður í alla staði. Bæjarstjórnarkosningar og prófkjör settu sterkan svip á starfsár fráfarandi stjórnar og ljóst að kosningar, þ.e. alþingiskosningar í vor, munu skipa háan sess á fyrstu starfsmánuðum nýrrar stjórnar. Á fundinn mættu efstu fimm frambjóðendur á lista flokksins í Suðvesturkjördæmi og gegndi Guðmundur Steingrímsson, sem skipar baráttusætið á lista flokksins, starfi fundarstjóra. Rannveig Guðmundsdóttir, fráfarandi oddviti Samfylkingarinnar í kjördæminu, hélt þrumandi hvatningarræðu og var henni sérstaklega þakkað fyrir stuðninginn við félagið í Mosfellsbæ. Í ræðum frambjóðenda bar hæst umræðan um bág kjör aldraðra og öryrkja,



Nýkjörin formaður, Anna Sigríður ásamt Guðmundi og Rannveigu.

efnahagsstjórn núverandi ríkisstjórnar, sívaxandi ójöfnuð í samfélaginu og álögur á venjulegt fólk og þær leiðir sem Samfylkingin ætlar að fara til að bæta þar úr. Umhverfismálin bar mikið á góma þar sem sérstaklega var rædd sú ákvörðun Samfylkingarinnar í Hafnarfirði að gefa bæjarbúum sjálfum tækifæri

til að kjósa um stækkun álversins í Straumsvík, í takt við stefnu Samfylkingarinnar um beint íbúalýðræði.

Var ljóst af ræðum og samræðum fólks að Samfylkingin í Suðvesturkjördæmi er tilbúin í kosningabaráttuna og mun félagið í Mosfellsbæ taka fullan þátt í þeirri baráttu sem framundan er.

Foreldrar hvað er að?

Hvað er það sem veldur því að foreldrar, sem eiga börn í Varmárskóla yngri deild sem og foreldrar 5 ára deildar Reykjakots, aka hvað eftir annað inn á skólavæðið, þrátt fyrir margtírekaðar beiðnir starfsfólks skólans um að gera það ekki og þrátt fyrir bannskilti um innakstur nema fyrir starfsfólk skólans.

Þeir láta sér í léttu rúmi liggja þó börnin séu að renna sér í brekkunni fyrir ofan skólann og renni alla leið að skólavegg og láta sem þeir sjái ekki börnin sem eru að hlaupa eftir bolta, sippa og fl. um alla skólalóð! Þeir aka engu að síður alveg inn að dyrum til að sækja „börnin sín“.

Þar sem ekið er inn á bílastæði sem eingöngu er ætlað starfsfólki skólans

skapast öngþveiti á morgnana vegna foreldra sem aka inn á sérmerkt bílastæði til þess að hleypa börnunum sínum út. Sagan endurtekur sig svo þegar komið er að því að sækja börnin úr skóla og gæslu. En þá segja foreldrar „hva, er ekki skólinn búinn?“. Skólinn er búinn – en gæsla barna svo og 5 ára deildin er hér til klukkan fimm alla skóladaga.

Nú er það svo að það eru afreinar/útskot við gangbraut á Skólabrautinni þar sem strætisvagnaskýlið er og var þetta gert sérstaklega fyrir fólk sem ekkur börnunum í skólann. Einnig er auðvelt að hleypa börnunum út þar sem skólabilinn nemur staðar á morgnana þ.e. án þess þó að vera fyrir skólabilunum þegar þeir koma – og er leiðin

þaðan inn í skóla trúlega styttri en frá bílastæði kennara og miklu öruggari.

Starfsfólk skólans hefur oft nefnt þetta við foreldra sem því miður hafa tekið því misvel og sumir biðjast afsökunar og segjast ekki munu gera þetta aftur á meðan aðrir hreyta út úr sér setningum eins og „ert þú einhver lögga eða hvað?“. Eða segja „ég verð svo fljót/fljótur!!!!“. Við erum ekki löggur en ég veit að við tækjum það inn á okkur ef ekið væri á barn á skólalóðinni, það er öruggt mál.

Foreldrar! Tökum saman höndum og gætum barnanna okkar allra og ökum EKKI inn á skólalóð Varmárskóla meðan börn eru í skóla eða gæslu.

Guðrún Esther Árnadóttir

ELDRI BORGARAR

Opið hús FaMos

verður í Safnaðarheimili Lágafellssóknar 12. febrúar kl. 20. Þorraspjall. Árni Björnsson þjóðháttafræðingur segir fá upphafi þorra- og góufagnaðar og endurvakningu þeirra á 19. og 20. öld. Auk þess mun hann fara með nokkra þorrasöngva sem voru vinsælir í lok 19. aldar en eru flestum gleymdir nú.

Hlutverk foreldraráða í grunnskólum

Eiga foreldrar að sinna skólaeftirliti?

Með samstarfi heimila og skóla taka kennarar og foreldrar saman höndum um uppeldi og menntun. Samstarfsgrundvöllurinn er samstarfið um barnið. Það að þessir aðilar geti átt góð samskipti, veiti gagnvirkar upplýsingar og sýni hvor öðrum virðingu og traust er mjög árangursrík uppeldisleið og skapar góð námsskilyrði fyrir börnin. Samstarf heimila og skóla gengur þó ekki alltaf snurðulaust fyrir sig og hefur verið í mótun hér á landi s.l. 35 ár. Ýmsar hindranir eru í veginum og ein af þeim er ótti foreldra við að afskipti þeirra af málefnum skólans geti bitnað á barninu þeirra. Forsvarsmenn í foreldrasamvinnu vita af þessum akkilesarhæl en hvetja foreldra til virkrar þátttöku. Mikilvægt er líka að foreldrar temji sé jákvætt viðhorf til skólans. Með samvinnu og aukinni reynslu hefur myndast ákveðið verklag sem flestir skólastjórar hafa tileiknað sér og sett hefur verið í lög (1995) með tilkomu foreldraráða. Með tilkomu foreldraráða hafa foreldrar formlega leið til að hafa áhrif á starf og stefnumörkun skólans.

Foreldraráð eru skipuð þremur foreldrum sem eiga börn í skólanum og eru ekki starfsmenn skólans. Foreldrum ber skylda til að kjósa fulltrúa í ráðið á sínum vettvangi en í 16. grein grunnskólalaga nr. 66/1995 segir: „Foreldraráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólaneftirlits um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið og fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum svo og með framkvæmd þeirra.“ Skólastjórn ber að starfa með foreldraráðum og veita þeim upplýsingar um starfið í skólanum. Foreldraráðin eru því vettvangur til að koma sjónarmiðum foreldra að, hvað varðar innihald og áherslur í skólastarfi og skipulagi skólahalds. Eins og segir í lögnum er ráðinu ætlað að fylgjast með skólanámskrá og öðrum áætlunum um skólahaldið t.d. með markmiðum og skipulagi náms og kennslu, skólareglum, öryggismálum, skólatíma, skóladagatali, námsmati, mati á skólastarfi, endurmenntun kennara, félagslífi í skólanum og öðru er varðar starfsemi skólans. Foreldraráð þarf svo að kynna öðrum foreldrum skólanámskrá skólans og aðrar áætlanir um skólahaldið og samkvæmt lögnum að hlutast til um að áætlunum skólanámskrár sé framfylgt. Einhverjir gætu haldið að skólaeignarstofur hefðu það verk með höndum en í lögnum er það einnig skylda foreldra.

Samstarf eða eftirlit?

Við heyrum stundum vangaveltur um það hvort foreldrar séu hæfir til að koma með þessum hætti að skólastarfinu og hvort rétt sé að foreldrar hafi „eftirlit“ eins og sumir vilja kalla það eða hlutist til um að áætlunum skólans sé framfylgt eins og segir í lögnum. Einhverjir spyrja líka hvort raunveruleg þörf sé á foreldraráðum í grunnskólum og hvort sveitarstjórn, skólaneftirlit, skólastjórnir og starfsfólk skóla geti ekki verið umsagnaraðilar um eigin áætlanir. Það er þó hverfandi skoðun að skólarnir séu einfærir um það. Skólastarf og heimilislíf eru ekki tveir aðskildir pólar. Við sem störfum í foreldrasamfélaginu og forvörnum höfum marg oft orðið vitni að því hvernig samstarf heimila og skóla og einmitt samvinna skólastjóra og foreldraráða hefur skilað góðum árangri og bætt skólastarfi. Ekki bara hvað varðar aðbúnað skólanna heldur einnig innra starf. Það þykir eðlilegt í nútímasamfélagi að þeim sem hagsmunum eiga að gæta sé gert kleift og skylt að taka afstöðu til mála sem um þá varða og næst á eftir nemendum eru foreldrar stærsti hópurinn sem skólinn þjónar.

Helga Margrét Guðmundsdóttir

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. Netfangið er mosfellingur@simnet.is

Ágæta Mosfellingar

Ég vil byrja á því að þakka öllum þeim sem reyna að bægra hättunni frá, fyrir dreifingaraðilana sem þurfa að koma dagblöðum eða öðru til ykkar, með því að hreinsa snjóinn frá dyrum sínum og varna því að svell myndist við gangveginn.

Vinsamleg tilmæli til þeirra sem gleyma eða af öðrum ástæðum hreinsa ekki frá dyrum sínum að vinna að því að bæta öryggið bæði fyrir sig og aðra.

Kvartanir hafa borist að það vanti blaðburðarfólk í hin og þessi hverfi í Mosfellshlí og ég efa það ekki að það stafi m.a. af erfiðri aðkomu að hífýlum manna.

Flestir vilja fá blöðin snemma og margir eldri borgarar hafa tekið að sér þessi þjónustustörf sér til heilsubóta og ánægju. Brotum og bækklun vill enginn heilbrigður maður stuðla að, hvorki á sjálfum sér né öðrum, svo vinsamlega takið tillit til sjálfs ykkar og þeirra sem vinna við þessi þjónustustörf.

Heilsan er dýrmæt.

Með fyrirfram þakklaeti um góða samvinnu.

Hlýlegar kveðjur
Lilja Rós

Þú ert sjálfur Guðjón bak við tjöldin

Í síðustu sveitastjórnarkosningum tapaði Sjálfstæðisflokkurinn meirihluta sínum, að stórum hluta vegna skorts á viðleitni til íbúalýðræðis. Mikil framkvæmdaglegi er í húsbyggingum en hún ein-kennist af því að það er meira hlustað á fyrirtæki en fólk. Nú stefna vinnuvélarinnar á átt að Álafossvosinni og sveit í borg er sundur-skorin með mislægum gatnamótum með Brúarland upp á umferðareyju, með gífurlega umferð rétt við Varmá, ásamt því að stefna þungri umferð að skóla og íþróttamannvirkjum. Samstarf við Sjálfstæðisflokkinn og þessar áherslur, fyrirtækin framar fólkinu, ásamt því að steypa og bika yfir hjarta bæjarins, útivistarsvæði og menningarminjar var ekki sú fram-



tíðarsýn sem VG kynnti fyrir kosningarnar. Þar var boðuð mikil áhersla á umhverfismál. Hverjar eru efndirnar? Stólarnir eru hlýir og notalegir, en það virðist léttvægt að taka lýðræðið af fólkinu og gleyma markmiðum sínum.

Varmársamtökinn héldu fyrir skömmu íbúáþing um umhverfis- og skipulagsmál. Enginn af þeim einstaklingum sem virkir eru í VG mættu til að taka þátt í opinni umræðu meðal bæjarbúa um náttúruvernd og umhverfismál. Enginn mótmælir tengibraut eða fyrirhugaðri niðurlægingu Brúarlands. Þvílík flokkshollusta. Þeir sem styðja VG enn hljóta að hafa samvisku sem er verri en þeirra Sjálfstæðis-

manna sem af flokkshollustu neita að stuðningur við innrásina í Írak hafi verið mistök. Ágætur vinur minn, Guðjón Jensson, var duglegur að mótmæla í skipulagsmálum, fram að sumarbyrjun síðasta árs. Eftir að flokkur hans er kominn að kjötkötlunum, þá virðist engin þörf vera á að vera virkur í þessum mála-flokki. Nú stöndum við Mosfellingar frammi fyrir því að sótt er að grunnforsendum búsetu meirihluta íbúa í bænum. Það er nálægðin við náttúruna; „Sveit í borg“. Verktakarnir, sem eiga vissulega mikilla hagsmunum að gæta, eru ráðandi. Valtað er yfir hagsmuni er snúa að sögu og náttúruvernd. Mikilvæg lífsgæði eru tekin af fólki, vegna hagsmunum fjármagnsins.

Gunnlaugur B. Ólafsson



Snjómokstursmenn verða að gera betur

Núna þurfa mokstursmenn að standa upp úr letinni og moka götur og göngustíga. Þetta er til skammar. Það er mjög erfitt að ganga í þungum snjó og sumir eiga erfitt með að komast upp götur. Það eru fullt af götum illa ruddar og ekkert gert. Bugðutangier ömulegur, Akurholt og margar götur slæmar. Fólk með göngu-grindur flýgur á götuna og detta. Þið viljið kannski borga fyrir slysin sem koma fyrir? Ég hef hjálpað fólki sem hefur dottið og maðurinn minn fer á hverjum degi út að moka nokkur bílastæði og fær hrós fyrir. En hvar er ykkar vinna? Þetta gengur ekki! Það þurfa allir að hringja og kvarta rækilega og þá er loksins eitthvað hlustað á okkur. Þið hugsið bara um ykkur en ekki þá sem komast ekki upp göturnar og bílarnir verða fastir.

Við höfum ansi oft þurft að kalla á hjálp frá áhaldahúsinu en stundum gerist ekki neitt.

Helga Pálína



Öll almenn veislu og veitingaþjónusta

Hvort sem er í heimahúsi eða í sal
Höfum sali til leigu

Upplýsingar í síma: 585-8412





Ósættir með skólaakstur

Íbúasamtökin í Hlíðatúns- hverfi eru ósátt með fyrirkomulag á skólaakstri í túnunum. Aksturinn hefur verið felldur niður vegna þess að fjarlægð frá Lágafellsskóla þykir ekki nægjanleg. Ekki er skólaakstur fyrir börn sem búa innan 1.5 km radíus frá skólanum. Gönguleið barnanna frá hverfinu í skólann þykir varasöm, óupplýst og ómerkt. Þess vegna skora íbúasamtökin á bæjarstjórn að tryggja öryggi barnanna og finna viðeigandi lausn sem fyrst.



Vegur um Kjalarnes tvöfaldaður

Vegagerðin og Spölur ehf. hafa undirritað samkomulag um að tvöfalda þjóðveginn á Kjalarnesi ásamt því að stækka Hvalfjarðargöngin. Þjóðvegurinn á að verða tvöfaldaður frá Kollafirði að göngunum. Þar sem umferð hefur aukist mikið við Hvalfjarðargöngin þykir tvöföldun vega nauðsynlegt skref til þess að tryggja öryggi ökumanna.



Tölvuver yngri deildar endurnýjað

Um áramótin var tölvuver yngri deildar í Varmárskóla endurnýjað. Keyptar voru 25 nýjar tölvur og allar með flatskjá. Nýju tölvurnar er mun hljóðlátari en þær gömlu og taka mun minna pláss. Nýting versins þykir mjög góð og þjónusta við nemenda talsvert betri en áður.

Varmársamtökin krefjast lögbanns og kæra framkvæmd tengibrautar

Mótmælt í Kvosinni



Berglind Björgúlfsdóttir formaður Varmársamtakanna, Bryndís Schram og Sigrún Pálsdóttir stjórnarmaður Varmársamtakanna.

Andstæðingar tengibrautar við Helgafellslandið komu saman til að mótmæla framkvæmdum sem hafnar eru við Álafosskvosina. Mótmælendur drógu íslenska fánann í hálfu stöng og fóru inn á framkvæmdasvæðið og stöðvuðu vinnuvél. Varmársamtökin efndu til mótmælanna og þar fór mikinn Bryndís Schram fyrirverandi ráðherrafrú. Þessi stund

var henni afar tilfinningaþrungin. „Það er sorglegt að horfa upp á þetta“, sagði Bryndís. Mótmælendur fengu sínu fram gegnt þegar vinnuvélur voru fluttar burt af framkvæmdasvæðinu að beiðni bæjarstjórnar. Íbúar á svæðinu krefjast lögbanns og hefur framkvæmdin því verið kærð til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

Listasýning Bryndísar Brynjarsdóttur í Listasalnum

Hið óendanlega rými og form

Listasýning Bryndísar Brynjarsdóttur, Hið óendanlega rými og form, var opnuð laugardaginn 20. janúar. Bryndís leitar á æskulóðir sínar í verkunum og þar er Eyjafjörður henni hugleikinn. Listsköpun Bryndísar er mikið undir áhrifum strangflatarlistar, mínimalisma og op-listar en skapar einnig sín persónulegu verk. Sýningin er í Listasalnum á bókasafninu og lýkur þann 17. febrúar.



Opið öll kvöld




Mosfellsbær heiðraði íþróttafólk á hátíðarsamkomu í Hlégarði 21. janúar

Íþróttamenn Mosfellsbæjar

Útnefning á íþróttamanni og íþróttakonu Mosfellsbæjar fór fram við hátíðlega athöfn í Hlégarði þann 21. janúar. Þetta er í 15. skipti sem þessi viðurkenning er veitt. Við sama tækifæri voru einnig veittar fjölmargar viðurkenningar og þar á meðal viðurkenningar fyrir Íslandsmeistaratitla, bikarmeistaratitla og þátttöku í landsliðum.

Mosfellingur fór yfir afrek efstu manna frá liðnu ári.



Guðný Björk Óðinsdóttir
knattspyrnkona

Efnilegasti leikmaður
Landsbankadeildar kvenna 2006

Spilaði með öllum
kvennalandsliðum Íslands 2006

Var í topp 10 í vali fyrir
knattspyrnukonu ársins



Halldór Lárusson
frjálsíþróttamaður

Íslandsmeistari í langstökki
og í tugþraut

Bikarmeistari í 100 m hlaupi
og í langstökki

1. sæti á tveimur opnum
alþjóðamótum í langstökki



Brynja Finnsdóttir

frjálsíþróttakona

- ★ Íslandsmeistari í 60m grindahlaupi
- ★ Valin til þátttöku á Norðurlandamóti í júní
- ★ Valin til landsliðsæfinga með Afrekshóp þrautarmanna 2006



Sigurpáll Geir Sveinsson

kylfingur

- ★ Íslandsmeistari í golfi einstaklinga
- ★ Íslandsmeistari með liði Kjarar í sveitakeppni GSÍ
- ★ Sigráði úrtökumót í sænsku Telia Tour atvinnumannamótaröðinni



Nína Björk Geirsdóttir

kylfingur

- ★ Valin kvenkylfingur ársins af GSÍ
- ★ Klúbbsmeistari kvenna hjá golfklúbbum Kili
- ★ Varð í 2. sæti á KB-banka mótaröðinni á Akranesi og í Eyjum



Einar Ingi Hrafnsson

handknattleiksmaður

- ★ Gegndi lykilhlutverki í mfl. Aftureldingar á sl. keppnistímabili
- ★ Hefur leikið fjölda landsleikja með yngri landsliðum Íslands
- ★ Afburða sóknarmaður

Vill verða formaður KSÍ

Mosfellingurinn Halla Gunnarsdóttir ákvað að gefa kost á sér sem formaður Knattspyrnu-sambands Íslands og hélt blaðamannafund að því tilefni þann 18. janúar síðastliðinn. Í ræðu sinni við fjölmiðla sagði



Halla að nauðsynlegt væri að stuðla að fótbolta fyrir alla ekki einungis afrekknattspyrnumenn. Það mikilvægasta væri ávallt starf yngri flokka og það starf þyrfti að efla. Kosið verður um nýjan formann á ársþingi KSÍ þann 10. febrúar næstkomandi.

Sigur í fyrsta leik

Meistaraflokkur kvenna hjá Aftureldingu fer vel af stað á Faxaflóamótinu

2007. Stelpurnar sigruðu fyrsta leikinn á mótinu gegn GRV 4-1. Árangurinn þykir góður en stutt er síðan að flokkurinn var endurvakinn eftir 10 ára dvala.



Hljómsveita- og listaaðstaða

Hljómsveita- og listaaðstaða fyrir ungt fólk verður opnuð fimmtudaginn 8. febrúar kl. 19.30 í gömlu seljunum við Gagnfræðiskólann. Þetta er langþráð stund fyrir unga tónlistarmenn sem að lengi hafa beðið eftir því að fá aðstoðu fyrir tónlistarsköpun sína. Einnig verður þar til húsa listasmiðja þar sem að ungir listamenn geta fengið útrás fyrir hin ýmsu afbrigði listarinnar, svo sem graffítí, þrykk, myndlist og því um líku.



Íþróttamenn Mosfellsbæjar

- 1992 Friða Rún Þórðardóttir frjálsíþróttakona
- 1993 Röbert Sighvatsson handknattleiksmaður
- 1994 Guðmar Þór Pétursson hestaíþróttamaður
- 1995 Silja Rán Ágústadóttir knattspyrnkona
- 1996 Gunnar Steinþórsson sundmaður
- 1997 Rafn Árnason frjálsíþróttamaður
- 1998 Sigurður Sigurðarson hestaíþróttamaður
- 1999 Bjarki Sigurðsson handknattleiksmaður
- 2000 Katrín Dögg Hilmarsdóttir golfkona
- 2001 Geir Rúnar Birgisson knattspyrnumaður
- 2002 Sigurður Sigurðarson hestaíþróttamaður
- 2003 Heiðar Davíð Bragason golfmaður
- 2004 Heiðar Davíð Bragason golfmaður
- 2005 Brynja Finnsdóttir frjálsíþróttakona
- Halldór Lárusson frjálsíþróttamaður
- 2006 Guðný Björk Óðinsdóttir knattspyrnkona
- Halldór Lárusson frjálsíþróttamaður



Marabonbolti hjá 4. flokki

Laugardaginn 27. janúar spiluðu strákarnir í 4. flokki í knattspyrnu, marabonfótbolta í tólf tíma. Tilgangurinn var að safna áheituðum fyrir knattspyrnumót í sumar. Strákarnir stóðu sig eins og hetjur og var ekki slegið slöku við. Mörkin í lok dags skiptu tugum og það voru þreyttir en ánægðir fótoltamenn sem stilltu sér upp á myndinni hér að ofan, um miðnættið.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf.
Þverholti 2
Kjarna



566-7310 - 896-0131 - namo@namo.is

Heyrst hefur...



...að það séu komnir nýir og betri poka í Krónuna

...að forseti bæjarstjórnar sé búinn láta hárið fjúka

...að nýja gervigrasið að Varmá sé ekki nothæft í frosthörku enda hvorki upphitun komin í gagnið né lýsing á vellinum

...að Björn á Reykjalandi hafi látið af störfum forstjóra í gær eftir 30 ára farsælt starf í Lundinum

...að varnarjafinn Gunnar Davíð sé genginn til liðs við Aftureldingu frá Reyni Sandgerði

...að séra Jón sé farinn að huga að því að hætta sem sóknarprestur

...að verið sé að undibúa opnun útivistarúðar við hlið Innrömmunar í Mosanum

...að á bókasafninu sé þráðlaust net og þar sé frír aðgangur á skólufurinn.is

...að 16% stúlkna í 10. bekk hafi prófað hass á ævinni skv. nýjum rannsóknnum um hagi og liðan ungs fólks í Mosó

...að Sigsteinn Pálsson verði 102 ára 16. þessa mánaðar

...að handboltaleikur Aftureldingar séu nú loksins spilaðir í gamla íþróttahúsinu eins og í gamla daga

...að íbúar í nágrenni við nýju sundlauginu í Lækjarhlíð kvarti mikið yfir heitavatsleysi þessa dagana. Verið er að fylla lauginu, en vatnið er enn ekki orðið nógu heitt til að sinna gestum

...að Íris Hólm sé að gera góða hluti í X-factor þáttunum á Stöð 2

...að Soffía sé búin að eiga stúlku sem ber nafnið Ingunn Sara og er Loftsdóttir

...að Atli og Hekla séu að flytja í rauða hverfið í Mýrunum

...að Hrefna úr '88 genginu sé nýgift og ólétt

...að Sigur Rós muni halda tónleika til styrktar Varmársamtakanna 18. febrúar ásamt fleiri listamönnum

...að Kara Hergils sé að fara keppa í Ungfrú Reykjavík

...að verið sé að vinna í því að sýna stórleikinn Barcelona-Liverpool 21. feb á RISA-breiðtjaldi í íþróttahúsinu að Varmá

mosfellingur@mosfellingur.is



Heimatilbúið skemmtiatriði
Katrín, Guðný, Sibba, Anna
Björg, Jóhanna og Dóra

Þorrablót Kjósverja



Óli og Sigrún



Elli og co í góðum gir



Ásta og Petra



Bíbí og Jóhanna



Sigga, Jói og Dúna

Ztrandverðirnir sigursælir í Bólinu

Föstudaginn 19. janúar var söngkeppni Bólsins haldin sem er keppni um framlag félagsmiðstöðvarinnar til söngkeppni Samfés. Hún var haldin í Lágafellsskóla og húsfyllir var einsog svo oft áður á viðburðum Bólsins. Dómarar keppninnar voru ekki af verri endanum en þeir voru Þórunn Arna söngkona, Aron Axel Cortes söngnemi og tónlistarmaðurinn Lovísa sem oftast er nefnd "Lay Low". Atriðin voru hvert öðru betra og erfitt var að velja það besta. Dómararnir voru í um 45 mínútur að komast að niðurstöðu. Að lokum var tilkynnt að vinninginn (sem var veglegt gjafabréf frá Skífunni) hlyti atriði Bob Gillian og Ztrandverðanna en þau tóku lagið Cry-ing með Aerosmith. Þau eru því á leið til Víkur í Mýrdal helgina 2.-4. febrúar í undankeppni söngkeppni Samfés.



Í eldhúsinu

Pastaréttur

Feðginin Jóhannes Baldursson og Dóróthea Jóhannesdóttir senda okkur einfaldan, góðan og hollan pastarétt.

Þessi pastaréttur er orkurík og því sérstaklega vinsæll hjá Dórótheu daginn fyrir mót, en Dóróthea er á kafi í frjálsum íþróttum og hugar því vel að mataræðinu.

Þeim finnst best að hafa ferskt salat með pastanu og kaupa þá oftast t.d. klettasalat í poka, skera niður fersk jarðarber og blanda samanvið og hella svo sítrónusafa yfir.

hjá feðginunum Dórótheu og Jóa

500 gr. ostafyllt tortellini
200 gr. blómkál + brokkolí (frosið saman í poka)
300 gr. skinka
60 gr. smjörliki
2 msk. hveiti
350 gr. matreiðslurjómi
350 gr. mjólk
40 gr. parmesanostur
150 gr. sweet mango chutney

Pastað er soðið og skinkan skorin í bita. Frosna grænmetið er soðið í stutta



stund og vatninu hellt af. Síðan er þessu öllu blandað saman.

Sósa:

smjörliki brætt, hveiti bætt út í og blandað saman. Þykkt

smátt og smátt með mjólk og matreiðslurjóma. Að lokum er ca. 40 gr af parmesanosti bætt úti sósuna. Sósunni er síðan hellt yfir réttinn og að lokum er sweet mango chutney blandað út í og hrært saman við.





Efri röð: Jón, Garðar, Guðmundur, Friðþjófur, Guðjón, Ragnar, Hilmar. **Neðri röð:** Helga, Marta, Kolfinna og Lára

Marta Gunnlaug Guðmundsdóttir flutti í Mosfells-
sveit ásamt eiginmanni sínum og 10 börnum
árið 1951, í dag eru afkomendur þeirra 140.

ÖRLÖG

mjólkurferðarinnar

Hún heitir Marta Gunnlaug Guðmundsdóttir og fæddist á Bæ í Steingrímsfirði 6. júlí 1917. Marta flutti til höfuðborgarinnar árið 1946 ásamt eiginmanni sínum Haraldi Hafsteini Guðjóns-
syni og börnum sínum tíu, nánar tiltekið í Vesturbæinn og
bjuggu þau þar í 5 ár.

Í maí árið 1951 varð örlagadagur í lífi fjölskyldunnar, allsherjar mjólk-
urverkfall stóð yfir og þá voru góð
ráð dýr. Húsbóndinn lagði leið sína
í Mosfellsveitina til bóndans að
Markholti og átti við hann gott spjall.
Er húsbóndinn kom til baka úr ferð
sinni tilkynnti hann Mörtu að hann
væri búinn að kaupa sveitabæ í Mos-
fellsveit og þangað lá leið stórfjö-
lskyldunnar sama ár.

Marta segir aðspurð að sér hafi
ekkert litist á blikuna fyrst varðandi
flutninginn í Mosfellsveitina en
þegar hún líti til baka þá hafi ver-
ið afar gott að ala upp börnin hér.
Hjónin bættu við tveimur börnum eft-
ir flutninginn í sveitina, börnin urðu
tölf og eru tíu þeirra á lífi. Haraldur
Hafsteinn lést árið 1999. Afkomend-
ur þeirra hjóna eru 140 talsins.

Er blaðamañn bar að garði voru
þrjú af börnum Mörtu í heimsókn
hjá móður sinni, þau Kolfinna, Helga
og Garðar. Þau tjáðu blaðamanni að
það hafi ávallt verið mikið líf og fjör
í Markholti, mikill gestagangur og
alltaf yfirdrifið nóg af mat, húsmóðir-
in með hvíta svuntu á eldhúsinu að

baka pönnukökur og rjómatertur sem
runnu niður með bragðgóðu kaffinu.

„Það var alltaf farið með bæn-
ir á kvöldin“ segja systkinin „enda
er mamma trúð kona sem fór allt-
af í kirkju á sunnudögum og söng
manna hæst. Einnig naut mamma
þess mikið að syngja með Vorboðun-
um, sem er kór eldri borgara.“

Eftir að börnin voru sofnuð á
kvöldin þá fyrst gafst tími til þess að
skúra allt út og undirbúa næsta dag.

Marta hefur búið í íbúðum aldr-
aðra að Hlaðhömrum í 16 ár og líður
vel þar. Hún segir starfsfólkið einstak-
lega yndislegt og vill nota tækifærið til
að færa því bestu þakkir fyrir allt. Sex
af börnum Mörtu búa einnig í Mos-
fellsbæ og finnast henni gott að vita af
nálægð þeirra og þeirra afkomenda.

Er Marta var spurð hver væri
besta minning hennar í gegnum
lífið varð hún fljót til svars: „Það er
að hafa farið í gegnum lífið stórslys-
laust og eiga öll þessi börn sem eru
vel af guði gerð.“

Samheldni Markholtsfjölskyld-
unnar er mikil og á hverju ári er
farið til Kaldbaksvíkur á Ströndum



MOSFELLINGUR

en þangað fór Marta síðast á 85 ára
afmælisdegi sínum og var þá mikil
hátíð í bæ. Einnig er gert mikið af því
að hittast á þorablótum, jólaböllum
svo og að fara í stuttar sumarferðir.

Blaðamanni varð ljóst eftir heim-
sóknina til Mörtu að hér er mikil
kjarnakona á ferð, það var virkilega
gaman að eiga við hana gott spjall
og aðspurð hvort hún vilji segja eitthvað
að lokum svarar hún: „Já, ég vil
óska öllum Mosfellingum alls góðs
í framtíðinni“ og að þessum orðum
sögðum kvaddi hún

Texti: Ruth Örnólfs


Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.



Marta til hægri á myndinni ásamt
eldri systur sinni, Magnelju.



Marta Gunnlaug



Haraldur Hafsteinn

STEINDI JR. SÉR UMALLT FYRIR UNGA FÓLKID

MOSFELLINGAR OPNA HNEFALEIKASTÖÐ

Pann 23. janúar opnuðu Vilhjálmur Hernandez og Sólveig Gunnarsdóttir „Hnefaleikastöðina“ í húsnæði í Viðarhöfða 2 við Stórhöfða.

Eitthvað fyrir alla

Í Hnefaleikastöðinni geta allir tekið þátt og æft fitnessbox eða ólympíska hnefaleika. Boðið er upp á námskeið fyrir börn frá 8 ára aldri. Allir ætту að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hvort sem um er að ræða byrjendur eða lengra komna eða einfaldlega þá sem leitast eftir mikilli brennslu og skemmtun.

Yngri kynslóðin

Sérstakt prógram er í gangi fyrir yngri kynslóðina. Merkt er við þá sem mæta í hvern tíma og eru veitt hvatningarverðlaun í lok hvers mánaðar. Skemmtileg hreyfing, leikir og viðeigandi æfingar fyrir þennan aldurshóp. Krökkunum er svo kennd grunnatriði hnefaleika, tækni, stöður og þess háttar.

Eldri kynslóðin

Mosfellingurinn góðkunni Skúli Ármannsson þjálfar eldri boxarana og ætlast til mikils af þeim. Skúli hefur boxað fyrir Íslands hönd í mörg ár og er talinn einn besti boxari landsins. Hjá Skúla lærirðu ýtarlegri tækni og meiri hæfni í íþróttinni.

þjálfararnir Skúli og Villi



Skúli, Sólveig og Villi klár í slaginn



Mosfellingur ræddi við Villa Hernandez stofnanda og þjálfara Hnefaleikastöðvarinnar.

Hvernig fékkst þú áhuga á hnefaleikum?

Áhuginn kviknaði þegar ég byrjaði að fara með son minn Kristófer Aron í þjálfun fyrir fimm árum.

Er þetta hættuleg íþrótt?

Við kennum ólympíska hnefaleika sem er ekki talið að séu hættulegir. Einnig er skylda að nota varnarbúnað svo meiddi séu í lágmarki. Má nefna að, á síðasta Evrópu-meistaramóti vankaðist 1 keppandi af 236 og var mikið umtal í kringum það, vegna þess að það er mjög óvenjulegt að slíkt gerist.

Er einhver keppni í vændum?

Það er Íslandsmeistaramót í mars.



Bergur og Siggi vígalægir í hringnum

Hvað er langtíma markmið í rekstri stöðvarinnar?

Að efla ólympíska hnefaleika hérlandis.

Box er ein átakanlegasta íþrótt sem hægt er að stunda og ætti enginn að vera svikinn eftir eins og einn tíma eða svo.

<http://www.myspace.com/hnefaleikastodin>



GÖTULJÓSIÐ

Skoðun um menn og málefni...

GUÐJÓN KRISTINSSON

Guðjón bjargaði lífi félaga síns með því að gefa honum annað nýrað sitt. Vinur Guðjóns var með ólæknandi nýrnasjúkdóm en þetta góðverk skipti sköpum. Guðjón er algjör heiðursmaður sem hugsar sig ekki tvisvar um þegar vinur er í vanda.



KAUPPING

Það er náttúrulega bara sikk hversu oft þessi banki er búinn að skipta um nafn undanfarið. Ég er viss um að allir séu sammála mér að Búnaðarbankinn var langþægilegasta nafnið. Í den var allt bara svo einfalt og gott. Þetta er alveg eins og með þessi símafyriræki, hvernig væri að fá Tal aftur?! Vodafone er náttúrulega bara sekkur...

KRÓNAN

Alveg glatað hvað Krónan er búin að drulla mikið upp á bak eftir að hún flutti sig yfir götuna í stærra húsnæði. Fyrir utan það að þurfa nota kort þegar maður verslar í þessu stóra skipulagsslysi þá var ákveðið að stytta opnunartímann í leiðinni. Nú er hvergi hægt að fara í búð eftir kl.20 og er það algjör skandall í mörg þúsund manna bæjarfélagi.



HVAR ER VALLI?

Hver hefur ekki hlegið og grátið með honum Valla? Maður er aldrei of gamall fyrir að skella sér í smá feluleik og það er líka fínt að minna lesendur á hversu finn náungi hann Valli er. Eins og þið sjáið þá fékk Mosfellingur „okkar Valla“ til að fela sig í þetta skipti.



GUM IN THE BUNKER

Í alvörunni sko, um hvað er þetta fólk að tala? Ég get ekki annað en ríspektað Guðmund vin minn úr Byrginu. Hann er kominn svo langt fram úr flestum Íslendingum í kynlíf. Inu að ég er ekki frá því að alþýðan sé bara nett öfundsjúk! Ég veit allavegna ekki um marga sem nota túttuklemmur úr tré, gúmmíhnefa, handjárn, asíska drengi, fartsprey, glassúr, gaddavír, lúðra og leðurgrímur í kynlífinu. Og maður þarfaðveramjögútsjónarsamur og mikill hugsuður ef maður ætlar að tvínna þetta saman í




meðferð fyrir eiturfjaskjúklinga. Hvíltgæðablóð! Ég lærði margt á því að stúdera myndböndin hans í þaula. Guðmundur er líka bara tækifærissinni af bestu gerð, gríptu gæruna meðan hún gefst. Hann á örugglega einhverja feita ljóta konu með átta börn í maganum. Ég mundi ekki hika við að vaða í draslið á þessari dömu



BYRGID

sem var með gúmmíhnefann á bólakafi í Gumma. Ölnbogi? Þessi Gummi er örugglega þvífurk topp náungi. Ég bið líka spentur eftir nýja klámaranum hans „Gum in the bunker“, þar fá víst gúmmíhnefar að fljúga! Þrándsi

Hvernig leggst þorinn í þig?




Hrefna Lind Borgþórsdóttir

Ég var alla tíð sem lítil stelpa og unglingur í sveit á sumrin hjá ömmu minni og afa. Þar var alltaf til vel kæstur hákarl og súrt slátur og ólst maður upp við að borða þennan mat. Í dag þar sem ég er sjálf með heimili finnst mér mikið atriði að halda þessari hefð við. Ég er nú kannski ekki oft með súrt slátur og punga uppi á borðum en hákarlinn er nokkuð oft keyptur og borða bæði börnin mín hann. Það var nú samt núna fyrst, sem ég fór á mitt fyrsta þorablót og fannst það mjög gaman. Það er nauðsynlegt að þessar gömlu hefðir fái að fylgja með í uppeldi nútímabarna.



Jóhann Skírnisson

Fyrir sveitamann og trillukarl eins og mig þá er þorinn alltaf skemmtilegur. Maður er farinn að sjá sólina hækka og daginn lengjast sem þýðir í hugum bænda og sjómanna að senn muni storma lægja og hinn stöðuga endurnýjun lífsins halda áfram. Maður fyl- list einhverri skritinni blöndu af fortíðarþrá, menningar- og þjóðerniskennd. Þegar ég bjó á Akureyri var venjulega komið gott skíðafæri á þorra sem oftasta entist til vors. Í minni vinnu er þorinn enn á vissan hátt tími endurnýjunar, þá hefjast reglubundnar endurbjálfanir flugmanna og nýir flugmenn hefja grun- nþjálfun sem oftast stendur yfir fram á vor.



Alfa Regína Jóhannsdóttir

Þorinn leggst bara vel í mig. Þorramaturinn er að visu ekki í neinu sérstöku upphaldi hjá mér. Ég borða ekkert af þessu súra dóti en kann að meta slátur, svið, hangikjöt og harðfisk, svo er ég rétt að læra að meta hákarlinn ... ótrúlegt en satt. Þabba þótti hákarlinn hreint lostæti og átti alltaf til birgðir af honum enda var hákarlinn borðaður við hin ýmsu tækifæri allan ársins hring. Oftast reyni ég nú að fara á þorablót Dalbúa því þau eru alveg einstök og svo detta alltaf inn smærri blót í hesthúsunum.



Ingibjörg Pálsdóttir

Hvernig leggst þorinn í mig? Já það er nú það. Er þorinn sem sagt kominn? Þetta segir sennilega allt um það hvað mér finnst um þorramatinn sjálfan sem er jú aðaleinkenni þessa tímabils. Nei, ég læt ekki hvað sem er ofan í mig og læt öðrum eftir að snæða súran og illa lyktandi mat en verð jú að segja að rófustappan er bæði holl og góð. Annars er þorinn fyrir mér bara hluti af janúar og febrúar sem er tímabil sem að hefur sinn sjarma rétt eins og allar árstíðir ársins.



Regína S. Gunnarsdóttir

Þessi árstími leggst alltaf vel í mig. Þetta er sá tími ársins þegar hrossin mín eru komin á hús, daginn fer að lengja og ég byrja að hlakka til vorsins. Það má segja að ég hafi ekki þurft að þreya þorann í mínu uppeldi í Álmlötinu því þar var ætíð „óskemmdur“ matur á boðstólnum. Ég er afskaplega lítið fyrir súrsaðan og kæstan mat en hef þó prófað kæstan hákarl og ekki fannst mér bragðið gott. Tengdafólk mitt býður til þorraveislu á hverju ári og þangað fer ég og horfi á álvöru Íslendinga borða þoramat!

ÞÚ
SÆKIR

Milano pizza

pepperone og sveppir

12" 999 kr.

16" 1199 kr.

PIZZA
BAER
566-8555

Pizza mánaðarins

SPURNING TIL BÆJARBUA

Á að lækka aldur til
áfengiskaupa í 18 ár?




BJÖRG
Já, það finnst mér



EYVAR
Nei, alls ekki



HAFDÍS
Það myndi ekki breyta neinu



HAUKUR
Nei, ekkert frekar



SIGRÍÐUR ERNA Það á að lækka
allt í 18 ár, ríkið, bílpróf og giftingu




HJALTI Á bjóri og léttvíni. Þá
minnka líkur á brugg veseni



Partíð er bara rétt að byrja..




Mávarnir???



Arnar og Matti



Á stefnumóti



Jorúloriloiðioí!!!



Alltaf á vaktinni



Sjóðandi heitar píurnar



Daninn og Bigsplender



Bjartmar og Lalli alltaf flottir

HVERJIR VORU HVAR?


Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Dúettinn Ragga og Stebbi



Pós Pós



Dadaradadara



Allt er fertugum fært



Gleði á þrettándanum



Brandur Enni



Myndarlegir feðgar



Inga og Bjöggan í partíi



Neyðarkallinn



Jónði Rokk



Hin eina sanna Dalalæða




Alltaf gleði hjá stelpunum



Lýstu leiðina




Kjötsvipur og tálbeitur



Keli alltaf hress



Fallegustu drengirnir í bænum



Amahama Imbí



Þorraskoran í ár



**JÓI OG SINDRI SKELLTU SÉR Á HM
Í BLÍÐU OG STRÍÐU**

TVÍFARAR



ATLI BJARNA



LOGI GEIRSSON

Horribilótt Dælbúna



Þorkell og Bjarki



Pétur Jökull og Bangsi á Heiðarbæ



Helena og Diddú



Biddi og Signý



Tinna, Þrándur og Hrefna



Mundi, Kristín og Ingibjörg



Salóme, Nanna, Valdís og Vilborg



Birgir og Jón



Einar Scheving og Tóti í Dalsgarði



Marta, Steini og Ýr



Gísli og Raggi

SMÁUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Tapaðir lykklar

Lyklar töpuðust í byrjun janúar á Dælustöðvarvegnum, um er að ræða bíllykil, fjarstýringu og húslykill á lyklakippu sem er eins og stór silfurlitaður hringur með bleikum steini. Finnandi vinsamlega hafð samband við blaðið.

Froskar til sölu

Tveir "fire bellied" froskar (Bombina-ætt) eru til sölu á 3000 kr. Allt sem þarf fylgir með þeim. Rekstrarkostnaður: 0 kr. Sími 588 4842 Regína

Íbúð óskast

Par á þrítugsaldri með 5 ára gamla stelpu vantar íbúð á leigu sem fyrst. Reyklaust og rólegt fólk með góð meðmæli. Sími 869 6952 Elísabet

Týndur jakki

Svartur jakki varð eftir á dansiballi í Hlégarði. Finnandi vinsamlegast vertu í bandi Sími: 690 0123

Húsnæði óskast

Handverksfélag Mosfellsbæjar óskar eftir húsnæði undir starfsemi sína. Uppl. í síma 861 7763 Ása

STARFSKRAFTUR ÓSKAST

Starfskraftur óskast til þess að sjá um léttan hádegisverð á virkum dögum. Vinnutími frá kl.10-14

Upplýsingar í síma 575-2400 Berglind



Starfsmaður óskast

Kona eða karl óskast til léttar vinnu við iðnverkastörf í frauðplastverksmiðju Borgarplasts að Völuteig 31, Mosfellsbæ.

Unnið er á vöktum.

Upplýsingar um starfið gefur Sjöfn í síma 561-2229 eða GSM 898-1752. Einnig má senda inn nafn og símanúmer á netfangið sg@borgarplast.is og verður þá haft samband við viðkomanda.

Andrea Gylfa
og Trío Kjartans
Valdemarssonar



í Hlégarði
föstudagskvöldið
9. febrúar kl. 21.

Fjölbreytt dagskrá

Aðgangseyrir 1.500 / 1.000

Tónlistarfélag
Mosfellsbæjar



**Bestu pizzurnar
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424

Haldið í gamlar hefðir

Nemendur í 1.SÓM í Varmárskóla héldu þorablót nú á dögunum. Börnin bjuggu til skothúfur og víkingahálma í skólanum eins og sjá má á myndinni. Síðan komu börnin með alls konar þorramat að heiman og haldin var vegleg veisla. Á myndinni er bekkurinn kominn saman ásamt kennara sínum, Solveigu Ólöfu Magnúsdóttur. Þorablótið þótti afar skemmtilegt en súrmetið kallaði fram mörg skondin svipbrigði.



Lindarbyggð

Laus við kaupsamning. Afar fallegt og vel skipulagt 182 fm. parhús við eina fallegustu götu Mosfellsbæjar. Húsið er hannað af Ingimundi Sveinssyni arkitekt. Vönduð gólfefni og innréttingar. Mikil lofthæð. Sólskáli og fallegur garður. Hellulagnir með snjóbræðslu. Eignin getur losnað strax. **V. 42 m.**



Sími:
588 55 30

Opíð virka daga frá kl. 9-18
Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Stórikriki

Einstaklega vel hannað og skipulagt 273 fm einbýli á einni hæð með innbyggðum bílskúr í botngötu með fallegu útsýni. Húsið skiptist í 5 svefnherbergi, tvö baðherbergi, stofu og borðstofu, sjónvarpshol, eldhús og borðaðstöðu, geymslu og þvottahús.



Furubyggð

Mjög vandað 164 fm. parhús við Furubyggð í Mosfellsbæ. Flottar innréttingar. Glæsilegt eldhús með góðu þvottahúsi inn af með útgengi í bakgarð. Björt stofa og sólstofa. 4 svefnherbergi og 2 baðherbergi. Sólfullur með skjólveggjum. Hellulagt bílapiplan. Lokuð gata á skjólsælum stað. **V. 38,5 m.**



Álmholt

Nýtt í sölu. Vel staðsett 236,1 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 48,2 fm bílskúr og aukaíbúð í kjallara. Aðalhæðin skiptist í 4 svefnherbergi, gott baðherbergi, þvottahús, eldhús með góðri innréttingu og rúmgóða stofu. Íbúð í kjallara er kjörin til útleigu. Góður suðurgarður og gott bílapiplan. **V. 45,9 m.**



Reykjabyggð

Vorum að fá í sölu glæsilegt 206 fm. einbýli við Reykjabyggð í Mosfellsbæ. Gott skipulag. Stór bílskúr. Rúmgóð stofa með arni. Tvö baðherbergi flísalögð. Þvottahús flísalt í hólfi og gólf. 5 herbergi. Mjög fjölskylduvænt hús. Nýlegur 40 fm. sólfullur. **V. 45,7 m.**



Spóahöfði

Nýtt í sölu. Ein glæsilegasta eign Mosfellsbæjar er til sölu. Eignin er afar vönduð samt. 360 fm. Glæsilegar innréttingar. Flísar og parket. Stórt eldhús með granít í borðplötum. Tvær auka íbúðir á jarðhæð. Stór bílskúr. Glæsileg baðherbergi. Þetta er algjör toppeign í útjaðri byggð. **Verð. Tilboð.**



Stórikriki - Raðhús

Nýtt á sölu. Fjórar 219 fm- 244 fm raðhúsaíbúðir á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúrum á fallegum útsýnisstað fremst í Stórikriki í Mosfellsbæ. Húsin afhendast tilbúin til innréttinga og fullbúin að utan. Traustur verktafi **V.42,5 m.**

Berg fasteignasala stofnuð 1989

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is